

ÆSKU LÝÐS STEFNA

Æskulýðsstefnu Fljótsdalshéraðs er ætlað að vera hornsteinn forvarnavinnu sveitarfélagsins. Henni er ætlað að leggja grunn að starfsemi á þess vegum fyrir börn og unglunga og samvinnu við þá sem sinna tómstundastarfi barna og unglunga innan þess.

FLJÓTSDALSHÉRAÐ



UM STEFNUNA

Æskulýðsstefnu Fljótshéraðs er ætlað að vera hornsteinn forvarnavinnu sveitarfélagsins. Henni er ætlað að leggja grunn að starfsemi á þess vegum fyrir börn og unglinga og samvinnu við þá sem sinna tómsundastarfi barna og unglinga innan þess. Með tómsundastarfi er hér átt við hvers konar skipulagt starf sem unnið er á faglegum grundvelli fyrir börn og ungmenni, svo sem íþróttar-, menningar- og annað félags- og æskulýðsstarf. Byggir stefnan m.a. á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er samningur um réttindi barna, og landslögum, þ.m.t. Barnalögum nr. 76, frá árinu 2003. Að auki er tekið mið af framtíðarsýn og stefnu Fljótshéraðs, sem samþykkt var árið 2007 og gildir til ársins 2027, sem og jafnréttisstefnu sveitarfélagsins. Það er á ábyrgð íþróttar- og tómsundanefndar sveitarfélagsins að fylgja stefnunni eftir í samstarfi við starfsfólk fjölskyldusviðs.

Tekur æskulýðsstefna Fljótshéraðs til barna frá fæðingu og fram yfir unglingsár. Erfitt er að skilgreina nákvæmt aldursbil, enda stunda ungmenni fram að tvítugsaldri gjarnan framhaldsskólanám í sveitarfélaginu, búa í foreldrahúsum og nýta þá þjónustu sem er í boði. Samkvæmt lögum séu einstaklingar þó aðeins börn til 18 ára aldurs. Í æskulýðsstefnunni verður fjallað um markhópin sem börn og ungmenni.

Fljótshérað er víðfeðmt sveitarfélag og í því starfa leikskólar á fjórum mismunandi stöðum og grunn- og tónskólar á þremur, auk framhaldsskóla sem ungmenni alls staðar úr fjórðungnum og jafnvel víðar sækja. Stefna í æskulýðsmálum sveitarfélagsins þarf að taka mið af þessum aðstæðum og m.a. gera ráð

fyrir því að fræðsla og vinna við forvarnir sé flóknari og dýrari í framkvæmd en í sveitarfélögum með færri stofnanir. Í sveitarfélaginu eru um 5% íbúa af erlendu bergi brotnir og ber að taka mið af því í allri stefnumótun.

Á Fljótshéraði er rómuð náttúruvegurð og stutt úr þéttbýli í ósnerta náttúru. Umgjörð og aðstaða á Fljótshéraði hvetur börn og ungmenni til fjölbreyttrar hreyfingar og úti- vistar. Fagleg uppbygging tómsundastarfs í sveitarfélaginu hefur verið mikil á síðustu árum og aðstaða til íþróttaiðkunar er fjölbreytt og í stöðugriþróun.

Í starfshópi um æskulýðsstefnu sátu Aron Steinn Halldórsson, Ingunn Bylgja Einarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar, Sígurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir og Þorgeir Arason. Með hópnum starfaði Bylgja Borgþórsdóttir, verkefnastýra hjá Fljótshéraði. Að auki var haft samráð við m.a. nemendaráð, ungmennaráð, deildarstjóra sveitarfélagsins og fólk innan íþróttahreyfingarinnar við gerð stefnunnar. Þá fór stefnan fyrir allar nefndir til umsagnar.


Hópurinn hóf störf á vordögum 2017 og skilaði af sér fullbúinni æskulýðsstefnu í apríl 2018. Stefnan var samþykkt í íþróttar- og tómsundanefnd 24. maí 2018 og staðfest í bæjarstjórn þann 6. júní 2018.

FJÖLSKYLDAN

HEILBRIGÐI

TÓMSTUNDIR

LÝÐRÆÐI



LEIÐARLJÓS

Leiðarljós æskulýðsstefnu Fljótshéraðs er fjölskyldan og það lykilhlutverk sem hún gegnir í þroska og velferð barna. Í æskulýðsstefnunni er átt við fjölskylduna í sinni fjölbreyttustu mynd. Foreldrar og forráðgjafar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera barns og fjölskyldunnar er verndandi þáttur sem nauðsynlegt er að hlúa að. Sveitarfélagið vinnur að eflingu fjölskyldunnar, í hvaða formi sem hún kann að birtast. Æskulýðsstefnan leggur áherslu á að börn og ungmenni búi við góða líkamlega og andlega heilsu og hagsmunir þeirra séu hvarvetna í fyrirrúmi. Skal útteiling fjármagns, samvinna við tómstundafélög og öll fræðsla vinna að því markmiði að þátttaka, áhugi og gleði í leik og tómstundum sé metin ofar öðru sem mælikvarði á árangur.

Til viðbótar við fjölskylduna er leiðarljós stefnunnar heildræn sýn á heilsueflingu. Með heildrænni sýn á heilsueflingu er átt við að andlegri jafnt sem líkamlegri heilsu sé gert hátt undir höfði. Sé heildræn sýn höfð að leiðarljósi er markmið heilsueflingar t.d. að einstaklingur tileinki sér holla hreyfingu, heilbriggt mataræði og svefnvenjur en ekki síður að hann þroski með sér jákvæða sjálfsmynd, sterka félagsfærni og getu til að tjá eigin tilfinningar.

Æskulýðsstefna Fljótshéraðs skiptist í fjóra hluta eins og hér segir:

- Fjölskyldan
- Heilbriggt líferni / heilbrigði
- Tómstundastarf
- Lýðræði

Lykilhópar æskulýðsstefnu eru, fyrir utan foreldra og forráðafólk, þeir hópar og þær stofnanir sem með einum eða öðrum hætti starfa með börnum og ungmennum og þannig efla lýðheilsu íbúa sveitarfélagsins.

- Dagforeldrar
- Félagsmiðstöð
- Fjölskyldusvið og starfsfólk
- Foreldrafélög
- Forvarnateymi
- Framhaldsskóli
- Frístund
- Grunnskólar
- Heilsugæsla
- Íþróttafélög
- Kirkjur/trú- og lífsskoðunarfélög
- Leikskólar
- Lögregla
- Tómstundafélög
- Tónlistarskólar
- Ungmennahús
- Ungmennaráð
- Vinnuskóli

Fljótisdalshérað setur sér að vinna eftir þessari stefnu við gerð starfs- og fjárhags-áætlana.

LYKILHÓPAR

FJÖLSKYLDAN



Markmið

- Foreldrar/forsjáraðilar eru studdir í því hlutverki sínu að sinna uppeldi og þörfum barna og ungmenna.
- Skapaðar eru aðstæður til að stuðla að uppbyggilegri samveru fjölskyldunnar.
- Öflugt samstarf og samráð er á milli stofnana sveitarfélagsins, nærsamfélagsins og heimilanna með velferð barna og ungmenna að leiðarljósi.

Leiðir

- Sveitarfélagið býður upp á tómstundaframlag með það að markmiði að hvetja börn og ungmenni til að taka þátt í skipulögðu og heilbrigðu tómstundastarfi við sitt hæfi, óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Skólar, tómstundafélög og sveitarfélagið vinna saman að því að börn í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla sinni skóla og tómstundum að mestu innan hefðbundins vinnutímaramma.

- Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs ber ábyrgð á að stuðlað sé að fjölbreyttri þjónustu við fjölskylduna með það leiðarljós að allar fjölskyldur hafi aðgang að nauðsynlegri fagþjónustu.
- Fræðsla og upplýsingagjöf til foreldra er öflug og aðgengileg öllum, óháð aðstæðum.
- Skólar, í samvinnu við foreldrafélög og tengiforeldra, lögregla og foreldrar/forráðafólk taka höndum saman í því skyni að allar takmarkanir vegna aldurs séu virtar, til dæmis vegna útvístartíma, samfélagsmiðla, áfengis og vímugjafa og fleira.
- Stöðugt samtal er á milli sveitarfélagsins og þeirra aðila sem standa að tómstundastarfi á Fljótsdalshéraði að frumkvæði starfsfólks fjölskyldusviðs.
- Skólar, í samvinnu við foreldrafélög og starfsfólk fjölskyldusviðs, bjóða reglulega upp á vandaða fræðslu um málefni sem varða börn og ungmenni.



HEILBRIGÐI



Markmið

- Allt starf sveitarfélags og samstarfsaðila miðar að heildrænni sýn á heilbriggt lífverni.
- Heilsuefling barna og ungmenna er grunnstef í allri vinnu í sveitarfélaginu.
- Stuðlað er að því að börn og ungmenni þroski með sér jákvæða sjálfsmynd og sterka félagsfærni.

Leiðir

- Sveitarfélagið styður við tómstundafélög á svæðinu og þá hópa og aðila sem standa fyrir heildrænni heilsueflingu barna- og ungmenna.
- Leik- og grunnskólar vinna markvisst að eflingu sjálfsmyndar, sjálfstrausts og félagsfærni nemenda.
- Virk áætlun um víðtækt forvarnastarf er til staðar og sú stefna er endurskoðuð reglulega með breiðri samvinnu lykilhópa í samfélaginu.
- Aðgengi allra vegfarenda í þéttbýli er gert hátt undir höfði, t.d. með viðhaldi og snjó-mokstri göngustíga og gangstétta.
- Sveitarfélagið hvetur markvisst til notkunar umhverfisvænna ferðamáta, svo sem göngu eða hjólríða, auk þess að halda úti gjaldfrjálsum almenningsgöngum.
- Sveitarfélagið leggur áherslu á aðgengi fyrir alla, þar á meðal þau sem nota hjólastóla eða barnavagna.
- Skipulags- og tæknisvið ber ábyrgð á að áfram verði unnið að uppbyggingu opinna svæða, göngu- og hjólríðastíga, leiksvæða o.þ.h. bæði í þéttbýli og dreifbýli, í sátt við náttúruna og umhverfið.
- Skipulag opinna svæða er miðað að leik og útivist allra aldurshópa og samráð er haft við aðila sem vinna að uppbyggingu göngu-leiða og íþrótta-/útivistarsvæða í sveitarfélaginu.
- Stefnt er að þátttöku leik-, grunn- og framhaldsskóla á Fljótsdalshéraði í verkefni Embættis landlæknis um heilsueflandi skóla.
- Heilsueflandi verkefni á borð við Hreyfiviku/Move week, Lífshlaupið og fleiri slík fái áfram ríkan sess í samfélaginu.

LÝÐRÆÐI



Markmið

- Rödd barna og ungmenna í sveitarfélaginu heyrir.
- Börn og ungmenni hafa aðgengi að þátttöku í samfélaginu, óháð aðstæðum.
- Stuðlað er að vísunni, fordómaleysi og umburðarlyndi barna og ungmenna.

Leiðir

- Ungmennaráð er starfrækt í sveitarfélaginu og nefndir og ráð leita umsagnar þess í sem flestum málum.
- Sveitarfélagið leitar aðkomu barna og ungmenna í stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Tímstundafélög eru hvött til að tryggja ungmennum sæti í stjórnun og ráðum sínum.
- Börn og ungmenni eru virkjuð til þátttöku og ábyrgðar með virðingu fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum, stafrænni borgaravitund og mannréttindum, t.d. með nemenda-, ungmenna- og félagsmiðstöðvaráðum.
- Stofnanir sveitarfélagsins sem vinna með börnum og ungmennum vinna markvisst

að sjálfstyrkingu og eflingu sjálfstrausts barna og ungmenna.

- Íbúum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli er boðin fræðsla um stjórnsýslu Fljótshéraðs og þeim kynnt sú þjónusta sem nýtist varðandi umönnun, skólagöngu og tímstundastarf barna og ungmenna.
- Mikilvægar upplýsingar er varða börn og ungmenni og málefni þess hóps eru settar fram á fleiri tungumálum en íslensku.
- Réttindi barna og ungmenna, t.d. líkt og þau birtast í íslenskum lögum og Barnasáttmála Sp, eru virt í hvítetna og þau kynnt nemendum í leik- og grunnskólum.

TÓMSTUNDIR



Markmið

- Börn og ungmenni í sveitarfélaginu geta stundað fjölbreytt og metnaðarfullt tómstundastarf við hæfi, óháð aðstæðum.
- Almenn þátttaka, áhugi og gleði í leik er metið ofar öðru í öllu tómstundastarfi.
- Skipulagt tómstundastarf með stuðningi sveitarfélagsins leikur mikilvægt hlutverk í forvarnastarfi.

Leiðir

- Sveitarfélagið styður við bakið á öflugum starfi fyrir börn og ungmenni þar sem metnaður og markvisst starf í þágu forvarna er haft að leiðarljósi.
- Á vegum sveitarfélagsins er rekið metnaðarfullt starf fyrir börn og ungmenni, svo sem vinnuskóli að sumri, lengd viðvera í grunnskólum, félagsmiðstöð og ungmennahús. Þar er í forsvari starfsfólk með viðeigandi menntun og reynslu.
- Í samningum við tómstundafélög er lögð

áhersla á að gleði, heilbrigð ástundun og þátttaka á eigin forsendum sé metin ofar öðru, þ.m.t. árangri í keppni. Jafnframt leggur sveitarfélagið áherslu á að öll tómstundafélög hafi þá áherslu að leiðarljósi í starfi með börnum og ungmennum.

- Íþrótt- og tómstundanefnd í samstarfi við tómstundafélög og skóla standa árlega fyrir kynningu á tómstundastarfi barna og ungmenna og jafnframt eru upplýsingar um tómstundastarfið kynntar á vef sveitarfélagsins.
- Tómstundafélög, eftir atvikum í samvinnu við fjölskyldusvið, hafa skýrar stefnur og viðbragðsáætlanir gegn einelti og hvers konar ofbeldi og áreitni, kynna þær innan sinna raða og tryggja grundvallarfræðslu til leiðbeinenda/þjálfara.
- Sveitarfélagið á samstarf við þá aðila sem starfa með börnum og ungmennum um að gert sé ráð fyrir þátttöku og aðgengi



ólíkra hópa, þ.m.t. barna og ungmenna með fötlun og þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

- Starfsfólk fjölskyldusviðs starfar náið með þeim aðilum sem bjóða upp á starf fyrir börn og ungmenni og ber ábyrgð á yfirsýn, fræðslu og hvatningu.
- Í samningum við tómsfundafélög er kveðið á um að þeir sem koma að starfi þessara félaga séu góðar fyrirmyndir, jafnt innan starfs sem utan.
- Íþróttamannvirki sveitarfélagsins verða áfram til afnota fyrir barna- og unglíngastarf íþróttafélaga í sveitarfélaginu og ber umhverfis- og framkvæmdasvið ábyrgð á viðhaldi og áframhaldandi uppbyggingu í samráði við íþrótt- og tómsfundanefnd.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ



HEILSUEFLANDI
samfélag

s. 4 700 700 / fljotsdalsherad.is / fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is